

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 139/654
komudagur 3.12.2010



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2010


Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 með síðari breytingum á 139. löggjafarþingi, þskj. 202 – 185. mál
Tilv. 2010110020

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 23. nóvember 2010.

Bændasamtök Íslands leggjast gegn því að frumvarpið verði samþykkt í núverandi mynd en með því er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði hækkað úr 5 kr./kg. í 12 kr./kg., eða um 140%. Úrvinnslugjald á heyrúlluplast var hækkað 1. júlí sl., með lögum nr. 69/2010, úr 3 kr./kg. í 5 kr./kg. eða um 67%. Árið 2009 hækkaði það um 36%. Landbúnaðurinn hefur þegar þurft að sæta verulega auknum álögum og með þessu frumvarpi er gengið enn nær búrekstri bænda.

Það kemur á óvart og er sérstaklega áberandi að í frumvarpinu er ekki minnst á að úrvinnslugjald á heyrúlluplast var hækkað um 67% fyrir fimm mánuðum síðan. Hvað er það sem hefur nýtt komið í ljós á þessum skamma tíma sem veldur því að hækka þarf gjaldið enn á ný, nú um 140%? Bændasamtökin telja nauðsynlegt að upplýst verði um við hvaða gögn er miðað þegar ályktanir eru dregnar um nauðsyn þess að úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði hækkað. Skýringar í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins eru mjög takmarkaðar og veita ekki vísbendingu um þessa meintu nauðsyn. Á fimm mánuðum mun gjaldið fjórfaldast. Þessi hækkun hefur eftir sem áður óhjákvæmilega í för með sér bein áhrif á rekstrargrundvöll búreksturs bænda. Bændur þurfa síst á frekari hækkunum á gjöldum að halda m.a., vegna þess að þeir hafa þegar tekið á sig verulegar skerðingar á búvörusamningum og eins og áður sagði hafa álögur á þá hækkað verulega undanfarið en auk þess hefur aðfangaverð hækkað mikið. Þá vilja Bændasamtökin geta þess að víða um land hefur orðið samkeppni milli úrvinnslustöðva um heyrúlluplast en það hlýtur að gefa vísbendingu um að úrvinnslugjaldið sé þegar nógu hátt.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Elías Blöndal Guðjónsson, lögfr.



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. *Þ 139/506*
komudagur *29.11.2010*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2010.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum. Þingskjal 245 - 185. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Umhverfisnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 23. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum. 185. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til hækkunar á fjárhæðum úrvinnslugjalds tiltekinna vara. Markmiðið með þessum breytingum er að draga úr sjóðshalla sem verið hefur í þessum tilteknu vöruflokkum.

Tollstjóri gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp en efni þessu hefur ekki áhrif á rekstur eða starfsemi embættisins.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/451
komudagur 29.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, umhverfisnefnd
Sigríður Svana Helgadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010 02-2010110825
T-ums 77/10


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 - 185. mál, þskj. 202.


Ríkisskattstjóri hefur þann 23. nóvember 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar til hækkunar á fjárhæðum úrvinnslugjalds á olfumálningu, blýsýrurafgeymum, pappa- og pappírsumbúðum, plastumbúðum og heyrúlluplasti, ísócyanötum, leysiefnum, halógeneruðum efnasamböndum, olíuvörum, framköllunarefnum og hjólbörðum. Fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að endurskoðunin á gjöldunum sé til þess fallin að draga úr sjóðshalla sem myndast hefur í þessum flokkum.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Skúli Egger Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 139/707
komudagur 6.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 06.12.2010

1011010SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. til laga um úrvinnslugjald, 185. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Vegna mikils fjölda þingmála sem borist hafa til umsagnar reyndist ekki unnt að ganga frá endanlegri umsögn innan þess frests sem veittur var.

Frumvarpið hefur verið rætt í verkefnisstjórn um úrgangsmál, sem starfar á vettvangi sambandsins og gerir verkefnisstjórnin ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verkefnisstjórnin telur það hins vegar umhugsunarefni að í skýringum við frumvarpið kemur fram að ástæða þess að lögð er til hækkun úrvinnslugjalds í allmörgum flokkum er eingöngu þörf á að draga úr sjóðshalla vegna þessara flokka hjá Úrvinnslusjóði. Í skýringunum er þannig engin umfjöllun um það hvort greiðslur úr Úrvinnslusjóði til sveitarfélaga standi undir raunkostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs. Í því sambandi telur sambandið rétt að vekja athygli á því að flutningskostnaður er útgjaldabáttur sem hefur hækkað mikið á undanförunum árum og leitt til þess að úrvinnslugjaldið stendur í einhverjum tilfellum ekki undir nema hluta kostnaðar rekstraraðila.

Rétt er að taka fram að afstaða sveitarfélaga til Úrvinnslusjóðs er almennt fremur jákvæð og hefur það verið afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga að færa ætti sjóðnum aukin verkefni frekar en að stofna sérstök skilakerfi um einstaka úrgangsflokka, eins og nú er lagt til í frumvarpi um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs (186. mál). Þannig telur verkefnisstjórnin að framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðum og raftækjaúrgangi sé án efa best borgið hjá Úrvinnslusjóði, m.a. í ljósi þess hve landið er fámennt og dreifbýlt og því ekki forsendur til þess að vera mjög víða með mannaðar söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang.

Að áliti verkefnisstjórnar um úrgangsmál er rík ástæða til þess að gerð verði úttekt á því hve hátt hlutfall af kostnaði sveitarfélaga er greitt af úrvinnslugjaldi og þannig fengið fram að hve miklu leyti framleiðendaábyrgðin nær til þessa úrgangs og að hve miklu leyti kostnaður við hann er greiddur af skattgreiðendum. Jafnframt teldi verkefnisstjórnin æskilegt að í slíkri úttekt yrði lagt mat á það hvernig sjóðurinn er að uppfylla lögboðið hlutverk sitt, m.a. með hliðsjón af öðrum kerfum framleiðendaábyrgðar, sem m.a. gilda um raftækjaúrgang og veiðarfæraúrgang.



Jafnframt telur verkefnisstjórnin mikið umhugsunarefni að við gerð landsáætlunar um úrgang skuli ekki fara fram endurskoðun á settum markmiðum, með tilliti til þróunar í úrgangsmálum og breyttum aðstæðum í efnahagslífi almennt. Kann því að skorta nokkuð á að sjóðnum séu sett nægilega skýr markmið í sínum störfum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Alþingi
Erindi nr. P 139/667
komudagur 3.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, 185. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald á nokkra vöruflokka hækki. Úrvinnslusjóður byggir á framleiðandaábyrgð og er rekinn á þann hátt að greiðslur fyrir hvern vöruflokk skulu standa undir kostnaði við endurvinnslu vörunnar. Sjóðurinn er deildarskiptur, greiðslum fyrir hvern vöruflokk er haldið aðskildum og stefnt er að því að halda jafnvægi í álagningu og útgjöldum. Í upphafi var nokkur sjóðsmyndun í einstaka vöruflokkum, en aðrir hafa verið með jafnari rekstur. Á síðustu tveimur árum hefur gengið á sjóðinn vegna aðstæðna á markaði. Það er í samræmi við rekstrarfyrirkomulag sjóðsins að stilla gjaldið af miðað við stöðu einstakra sjóða. Á sama tíma er verið að vinna að sparnaði í útgjöldum. Stefnt er að því að ná sjóðum, sem eru með neikvæða stöðu, í jákvæða stöðu innan fárra ára.

Það er bagalegt að hækka eigi gjöldin á tímum samdráttar og það bendir það til ágalla í kerfinu. Umsagnaraðilar styðja frumvarpið en samtökin munu skoða hvernig hægt er að stýra sjóðnum með jafnari innheimtu.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in cursive script, appearing to read "Pétur Reimarsson".

Pétur Reimarsson,
Samtök atvinnulífsins

A handwritten signature in cursive script, appearing to read "Bryndís Skúladóttir".

Bryndís Skúladóttir,
Samtök iðnaðarins

A handwritten signature in cursive script, appearing to read "Andrés Magnússon".

Andrés Magnússon,
SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 517 4700
fax 517 4709
www.urvinnslusjodur.is
urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. D 139/692
komudagur 6.12.2010

Reykjavík 2. desember 2010

Umhverfisnefnd Alþingis

Umsögn: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002,
með síðari breytingum, 185 mál.

Frumvarpið er samræmi við tillögur stjórnar Úrvinnslusjóðs til umhverfisráðuneytis. Úrvinnslusjóður
gerir engar athugasemdir við frumvarp þetta.


Ólafur Kjartansson
framkvæmdstjóri, Úrvinnslusjóðs